



Norræna félagið
STOFNAÐ 1922

Alþingi
Erindi nr. P 135/1537
komudagur 22.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2008

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun norrænna lýðháskóla, 275. mál.

Norræna félagið á Íslandi hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun norrænna lýðháskóla, 275. mál.

Norræna félagið hefur um áratuga skeið verið í fararbroddi hér á landi um upplýsinga- og ráðgjöf, aðstoð, fyrirgreiðslu og styrkveitingar til íslenskra nemenda á norrænum lýðháskólum. Undanfarin ár hefur félagið notið þess að veita íslenskum nemendum styrk til námsdvalar í lýðháskólum annarsstaðar á Norðurlöndunum í samstarfi við Nordplus-Voksen áætlunina. Enn fremur hefur Norræna félagið stutt lýðháskólastarf þegar það hefur verið virkt hér á landi, bæði í Skálholti, Reykholti og við starf Lýðskólans í Reykjavík sem var starfandi á árunum 1995-2001 undir stjórn Odds Albertssonar.

Undanfarin misseri hefur Norræna félagið leitað leiða til að koma að stofnun lýðháskóla á Íslandi að norrænni fyrirmynd, en fyrirspurnir og erindi sem berast félaginu bæði frá einstaklingum hér á landi og að utan, sýna að eftirspurn og þörf er á slíkum skóla hér á landi. M.a. hefur Oddur Albertsson, fyrir hönd félagsins, lagt fram tillögu til staðahaldara að Skógum undir Eyjafjöllum og sveitastjórnanna á svæðinu, um stofnun norræns lýðháskóla að Skógum, en aðstaða þar og aðbúnaður, umhverfi, staðsetning og samfélag hentar vel slíkri starfsemi.

Norræna félagið á Íslandi styður þingsályktunartillöguna eins og hún liggur fyrir, en efni hennar fellur að markmiðum félagsins um aukið og eft samstarf milli Íslands, Grænlands og Færeyja. Að auki býður félagið fram krafta sína og reynslu af þessum málaflokki og leggur til að fulltrúi Norræna félagsins fái sæti í vinnuhópi á vegum Vestnorræna ráðsins um útfærslu á stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Með vinsemd og virðingu,

Óðinn Albertsson
framkvæmdastjóri

Norræna félagið
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
s. 5510165 / norden@norden.is